

SORPA bs

Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 440 miðvikudaginn 16. desember 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfnni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund.

- Staðan í uppkeyrslu GAJA og MTFS er rakin ítarlega í sérstöku minnisblaði. Niðurlag minnisblaðsins er á þessa leið: Það heildarferli sem fjallað hefur verið um í þessu minnisblaði er flókið og felur í sér móttöku og m.a. vélræna meðferð, sigtun og hökkun í MTFS, flutninga á milli starfsstöðvanna og meðhöndlun í lífefnafræðilegri umbreytingu sem á sér stað í GAJA. Þar með er sagan ekki sögð því enn hefur ekki reynt á lokahluta ferlisins sem er sigtun og vindskiljun á moltunni sem GAJA skilar, til að hún uppfylli kröfur starfsleyfis. Þó hér hafi verið varpað ljósi á tiltekin vandamál í uppkeyrslunni ber því að hafa í huga flækjustig ferlisins og þá staðreynd að frá upphafi hefur legið fyrir að taka myndi mánuði og misseri að ná tökum á því og koma því í fullan rekstur. Í heild er það mál manna að uppkeyrslan sé samkvæmt áætlun og það gefur góð fyrirheit um áframhaldið hversu vel hefur tekist til að ráða hæft starfsfólk í MTFS og GAJA sem heldur utan um uppkeyrsluna. Að lokum skal þess getið að tekið hefur verið upp það verklag að fulltrúar GAJA og MTFS funda oft í viku og ræða framvindu og þau vandamál sem við er að glíma í að keyra upp vinnsluferlið.
- Samningaviðræður hafa staðið yfir við VM, Félag vélstjóra og málmtæknimanna, með hléum síðan í sumar. Viðræðum er lokið og fyrir liggur samningur. Hann felur í sér að stigin eru stór skref í þá átt að jafna kjör vélvirkja og vélfræðinga sem starfa innan samlagsins og í heild felur samningurinn í sér nokkrar launahækkanir en veigamesta niðurstaðan er sú að vélvirkjar sem starfa í MTFS fá greidd laun er teljast markaðslaun. Horft er til launastrúktúrs sem er sambærilegur launum hjá opinberum orkufyrirtækjum og hjálpar þetta samlaginu að höfða til hæfari starfsmanna, nú þegar stefnt er að meiri innhýsingu starfa. Litið er á samninginn sem mikilvæga forsendu þess að samnýta starfskrafta vélvirkja þannig að þeir megi nýtast á öllum starfsstöðvum samlagsins, en hugmyndir hafa verið uppi um að stofna viðhaldsteymi sem mun bera sameiginlega ábyrgð á viðhald á öllum vélbúnaði samlagsins.
- Þróunarsamningur hefur verið undirritaður við Te og kaffi en samkvæmt honum er stefnt að sölu til fyrirtækisins á 40.000 Nm³/ári af metani sem flutt yrði til kaupenda á gasfletum. Það verður notað til að rista kaffibaunir. Mikill hugur er í Te og kaffi á sviði umhverfismála og m.a. er verið að skipta út plastumbúðum framleiðsluvörunnar fyrir umbúðir sem brotna niður í umhverfinu.
- Versa vottun hefur afhent samlaginu formlega skirteini sem staðfestir þá niðurstöðu þeirra að samlagið uppfyllir kröfur staðlanna ISO9001, ISO14001, ISO45001 og ÍST85. Þetta er frábær árangur og það eru merk tímamót að fá staðfestingu þess að stjórnkerfin uppfylli kröfur ISO45001 sem snýst um öryggi starfsfólks og viðskiptavina. Mjög aukin áhersla er lögð á þau mál í starfsemi samlagsins og ætlunin að efla öryggismenningu og fækka slysum. Framundan er mikil uppstokkun allra stjórnkerfa samlagsins, með það markmið að einfalda þau, gera þau skilvirkari og draga úr allri óþarfa sóun á tíma, og um leið hjálpa okkur að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins.
- Í samræmi við ákvörðun stjórnarfundar 439 hafa verið sett saman drög að áhættustefnu. Hún mun mynda umgjörð fyrir áhættustjórnun samlagsins og er skilgreind og samþykkt af stjórn en útfærð af stjórnendum. Áhættustefnan skilgreinir tilgang og meginmarkmið með áhættustjórnun og helstu lykilhlutverk og ábyrgðarskiptingu í skilgreiningu og eftirfylgni áhættustjórnunar. Ennfremur telur hún upp grunneiningar áhættustjórnunarkerfis samlagsins, setur fram helstu áhættuflokka sem samlagið þarf að vakta og gefur skýr fyrirmæli um áhættuþol samlagsins fyrir sérhvern áhættuflokk.
- Vinnuhópur samlagsins í plastmálum fundar reglulega til að samræma vinnu sem er í gangi víða í samlaginu varðandi meðhöndlun og afsetningu á plasti. Í gangi er undirbúningur útboðs

vegna útflutnings á plasti og unnið er að því að taka saman útboðsgögn með lýsingu á mismunandi efnisstraumum og kröfum varðandi vinnslu, rekjanleika og fleira. Einnig er unnið að umsókn um útlutningsleyfi sem verður nauðsynlegt vegna flutninga á plastúrgangi milli landa vegna breytinga á Basel sáttmálanum. Breytingarnar taka gildi 1.1.2021. Tilkynning um breytingar þessar er án mikilla fyrirvara og er unnið hörðum höndum að því að umsóknin fari sem allra fyrst til UST til að forða því að upp komi vandamál varðandi útflutninginn. Fundað hefur verið með Stena og hefur það leitt til þess að vissar breytingar hafa verið gerðar á stillingum vélbúnaðar og verklagi í MTFSS til að reyna að auka flokkun og verðmæti vindskiljuplasts úr nýju flokkunarlínunum. Í gangi hafa verið viðræður við Úrvinnslusjóð og hafa þær leitt til þess að gagnkvæmur skilningur aðila hefur aukist, viðræður við sjóðinn halda áfram. Í gangi hafa verið viðræður við aðila sem hafa áhuga á að fjárfesta í búnaði til að umbreyta plasti í olíu, en þær viðræður eru skammt á veg komnar. Einnig er verið að dusta rykið af eldri ráðagerðum um framleiðslu á RDF - orkukubbum. Mannvit gerði forathugun á þessari hugmynd fyrir samlagið árið 2011, en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og ástæða til að endurgera slíka forathugun sem fyrst.

- Fyrir um 2 vikum birtist grein í dagblaði um gjaldskrárhækkanir samlagsins með heldur villandi fyrirsögn. Þar var vitnað í fulltrúa Samtaka iðnaðarins og ýmislegt sem þar kom fram var beinlínis rangt. Leiðrétting var birt í sama blaði næsta dag. Sú leiðrétting rataði hins vegar ekki á forsiðu og fékk minni umræðu. Fram hefur komið að hækkanir á gleri og steinefnum, sem og jarðveg og uppröft, koma illa við eigendur þessa úrgangs. Samtök iðnaðarins voru upplýst um gjaldskrárhækkanir samlagsins í byrjun nóvember og fengu m.a. nýja gjaldskrá afhenta. Samtökin komu engum athugasemdum á framfæri. Undanfarna daga hefur verið í gangi samtál við SI og þá félagsmenn þeirra sem teljast úrgangseigendur og stærstu hagsmunaaðilar í þessu samhengi. Tekin hafa verið saman ítarleg minnisblöð sem útskýra vel forsendur samlagsins við skilgreiningu gjaldskrár fyrir þá efnisflokka sem hér um ræðir, ekki síst þá ófrávíkjanlegu kröfu laga að eigandi úrgangs greiði kostnað við meðhöndlun hans og að einn úrgangsflokkur sé ekki látinn niðurgreiða kostnað við annan úrgangsflokk. Áfram verður haldið að miðla upplýsingum um forsendur gjaldskrárhækkana samlagsins eftir bestu getu.
- Sala á nytjahlutum í nýrri vefverslun GH, og í verslun sem GH setti upp á Hverfisgötu hefur gengið vel. Svo vel að fyrir liggur tillaga um að framhald verði á rekstri verslunar GH á Hverfisgötu enda gerir sá rekstur miklu meira en að standa undir sér og sala nytjahluta þar virðist vera hrein viðbót við þá sölu nytjahluta sem staðið hefur yfir í versluninni í Fellsmúla. Sama á við um söluna í vefverslun GH. Þessu til viðbótar liggur fyrir að sala í Efnismiðlun Góða Hirðisins á Sævarhöfða gengur vel og uppi eru hugmyndir um útvíkkun þeirrar starfsemi. Fyrirséð er að þessi umsvif munu bara fara vaxandi í starfsemi samlagsins eftir því sem áhersla á endurnotkun fer vaxandi. Nú er tímabært fyrir samlagið að móta stefnu til framtíðar í þessum málaflokki og æskilegt væri að samræma alla slíka starfsemi undir einum hatti og að ábyrgð á allri slíkri sölu af hálfu samlagsins verði á einni hendi, hvort sem hún fer fram á netinu eða í einni eða fleiri verslunum.
- Töluverð umræða hefur verið í gangi um rekstrarfyrirkomulag byggðasamlagsins, og einstakra þátta í starfsemi þess. Í þessu samhengi má benda á ítrekaða fyrirspurn frá stjórn SSH til stjórnar samlagsins dags. 16.11 sl. vegna erindis sem mun hafa verið sent stjórn samlagsins í desember á síðasta ári. Það laut að fyrirkomulagi rekstrar endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og hugsanlegu útboði á þeim rekstri. Nú er í gangi umfangsmikil úttekt á vegum SSH á skipulagi og stjórnarháttum byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu og má vísa á samnefnda skýrslu ráðgjafafélagsins Strategíu fyrir SSH frá júní 2020. Þegar þetta er ritað tekur samlagið þátt í ítarlegum samtölum við fulltrúa SSH sem vinna að því að safna efni í þessa úttekt. Þann 11.12 var haldinn kynningarfundur um þetta verkefni þar sem öllum kjörnum fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem standa að SSH var boðið að hlýða á kynningu SSH og Strategíu á verkefninu. Í kjölfar fundarins sendi framkvæmdastjóri svohljóðandi skeyti á stjórn og starfsmenn SSH, stjórn SORPU bs og eigendavettvang SORPU bs.

Takk fyrir ágætan yfirlitsfund. Mig langar að lauma inn einni ábendingu í þessa vinnu og leyfi mér að beina henni til stjórnar SSH og starfsfólks, en einnig stjórnar SORPU bs og fulltrúa Strategíu. Á minni stuttu framkvæmdastjóratið hef ég séð að það þarf að styrkja stjórnarsýsluna á bakvið SORPU bs, skýra hlutverk stjórnarinnar, stjórnar SSH og eigendavettvangs - og fleiri hópa. Mér finnst einboðið að enn sé í fullu gildi sú meginforsenda sem lá til grundvallar við stofnun samlagsins, þ.e. að það væri hagkvæmt að fela einu samlagi að sinna lögbundnum skyldum eigenda sinna um meðhöndlun úrgangs. En ég held að ný markmið hafi fengið stóraukið vægi í áranna rás, sum sé markmið hringrásarhagkerfisins. Þar mun lítill árangur nást nema í krafti bestu þekkingar, en ekki síður því að allir vinni saman, til staðar sé skýr stefna og henni sé fylgt eftir með einföldum og samræmdum skilaboðum til íbúa og fyrirtækja. Ég er sannfærður um að besta leið eigenda samlagsins til að ná árangri hér sé að þetta raðirnar á bakvið þekkingarfyrirtækið SORPU og treysta henni fyrir því að halda utan um þekkingu, taka leiðandi hlutverk í mótun stefnu og stýra eftirfylgni í þessum málaflökki fyrir hönd eigenda sinna. Augljóst má telja að atvinnulífinu er vel treystandi til að sjá um fjölmarga þætti í meðhöndlun úrgangs, þannig hefur það verið og þannig mun það verða í vaxandi mæli. Samkeppni getur því leitt til hagræðingar fyrir eigendur SORPU. En mér finnst að áður en farið er að ræða mikið um að útboð og samkeppnisrekstur þurfi stóra myndin að vera skýr - því öll þessi starfsemi þarf að fara fram með samræmdum hætti ef árangur á að nást í að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins. Þetta er kjarni málsins að mínu mati, og mitt ráð til eigenda samlagsins, þegar ég læt af störfum.

- Með þessum lokaorðum þakka ég stjórn fyrir ágætt samstarf frá því ég tók við starfi framkvæmdastjóra í febrúar á þessu ári. Hér er um að ræða síðasta stjórnarfund minn og síðustu skýrslu framkvæmdastjóra í mínu nafni.

Helgi Þór Ingason

HEILDARLAUSN ÚRGANGSMÁLA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
VERKÁFANGI 2

STÖÐUSKÝRSLA

Til: Framkvæmdastjóra og stjórnarformanns SORPU
Frá: Páli Guðjónssyni, verkefnastjóra

Á stjórnarfundi SORPU hinn 31. júlí sl. var kynnt og samþykkt verk- og tímaáætlun v. 2. áfanga ofangreins verkefnis.

Áætlunin tók til eftirfarandi verkefna:

Verkefni 1:	Tímabundinn útflutningur brennanlegs úrgangs
Verkefni 2:	Framtíðarlausn brennanlegs úrgangs
Verkefni 3:	Samstarf / sameiginleg svæðisáætlun
Verkefni 4:	Framtíðarlausn, urðun óvirks úrgangs
Verkefni 5:	Minnkun úrgangs og sótsþors
Verkefni 6:	Samræmd flokkun úrgangs.

(Sjá nánar í fsk. 1)

Ofangreind verkefni byggjast á þeirri aðgerðaáætlun sem samþykkt var á eigendafundi SORPU bs. 6. apríl 2020 og lúta að útfærslu og innleiðingu einstakra aðgerða- og verkþátta.

Undirritaður hefur haft umsjón og unnið að verkþáttum 2 – 4, en lítt eða ekki komið að verkþáttum 1, 5 og 6. Engu að síður tel ég rétt að gera grein fyrir stöðu allra ofangreindra verkefna í þessari samantekt.

VERKEFNI 1: TÍMABUNDINN ÚTFLUTNINGUR BRENNANLEGS ÚRGANGS

Umsjón verkefnisins: Útflutningshópur SORPU

Viðfangsefni:

Nauðsynleg greining, gagnaöflun, undirbúningur, útboð og framkvæmd útflutnings á brennanlegum úrgangi frá og með ársbyrjun 2021, framkvæmd og eftirfylgni verkefnisins eftir að útflutningur hefst.

Staða verkefnis:

Undirbúningur er í gangi. Tímarammi verkefnisins breyttist með samþykkt eigendafundar SORPU hinn 16. október sl., þegar samþykkt var tilfærsla á urðunarheimild í viðauka við eigendasamkomulag SORPU. Þessi tilfærsla losaði tímapressu af verkefninu með því að útflutningur þarf ekki að hefjast fyrr en í árslok 2021 /ársbyrjun 2022. Með þessu hefur skapast svigrúm fyrir yfirvegaðri nálgun við undirbúning og innleiðingu verkefnisins.

VERKEFNI 2: FRAMTÍÐARLAUSN V. MEÐHÖNDLUNAR BRENNANLEGS ÚRGANGS.

Umsjón verkefnis: Verkefnastjóri, PG ásamt framkvæmdastjóra SORPU.

Viðfangsefni: Gagnaöflun v. samanburðar á forsendum, kostum og göllum tveggja leiða, i.e. útflutningur vs. hátækniþrensla innanlands – mótum formlegrar umgjarðar um verkefnið, greining hagaðila og mögulegra þátttakenda í verkefninu.

Staða verkefnis:

Skilgreining á umfangi verkefnisins fyrir SORPU liggur fyrir sem og tímasetning nauðsynlegra aðgerða. Fyrir liggja upplýsingar úr óbirtri skýrslu Resource International *“Greining á þörf sorpbrennslustöðva á Íslandi”* sem unnin var fyrir UST að beiðni UAR. Niðurstöður skýrslunnar eru í öllum meginatriðum í samræmi við forsendur í aðgerðaáætlun SORPU. Viðræður eru í gangi við UAR og SÍS um mótun formlegs samstarfsvettvangs við frekari mótun umgjörðar utan um verkefnið. Málið hefur verið rætt innan samráðsvettvangs sorpsamlaganna á suðvesturhorni og fulltrúar SORPU hafa átt fundi með forsvarsmönnum stærstu gámafyrirtækjanna. Fundað hefur verið með aðilum sem unnið hafa að undirbúningi og mótun hugmynda um byggingu og rekstur *“Sorþorkustöðvar”* í Þorlákshöfn með hugmynd um nýtingu raf- og varmaorku og koltvísýrings frá brennslunni til ylræktar.

Næstu skref í máli:

Á næstu vikum þarf að móta formlega umgjörð og verkefnahóp sem vinnur að frekari mótun tímasettrar aðgerðaáætlunar, frumgreiningu á meginþáttum verkefnisins og mótun kostnaðaráætlunar. Gera þarf ráð fyrir að inn í þessa vinnu fléttist frekari undirbúningur v. útflutnings á brennnalegum úrgangi og að mögulegt samstarf aðila vegna þessa geti orðið upphaf að breiðu samstarfi vegna undirbúnings og innleiðingu brennslulausnar innanlands.

VERKEFNI 3: SAMSTARF SORPSAMLAGA / SAMEIGINLEG SVÆÐISÁÆTLUN

Umsjón verkefnis: Verkefnisstjóri svæðisáætlunar, Teitur Gunnarsson ráðgjafi Mannvit

Umsjón v. höfuðborgarsvæðis: Páll Guðjónsson verkefnastjóri, Glitra ehf

Samræming: Samráðsvettvangur Sorpsamлага á suðvesturhorni.

Viðfangsefni:

Mótun aðgerðaáætlunar samlaganna, greining á mögulegum samstarfsverkefnum, verkaskiptingu og sérhæfingu o.fl. Lokaafurð verkefnisins verður tillaga að nýrri sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021 – 2035

Staða verkefnisins:

Fyrir liggur heildaráætlun með tímasettri aðgerðaáætlun fyrir starfsvæði SORPU sbr. samþykkt eigendafundar frá 6. apríl 2020. (sjá meðfylgjandi samantekt verkefnisstjóra). Á vegum SSH er unnið að fýsileikagreiningu á samræmingu söfnunar og flokkunar á heimilisúrgangi sem á að vera tilbúin í desember, sbr. verkefni 6. Öðrum verkefnum á vegum SORPU er lýst undir Verkefni1 og verkefni 2. Sorpurðun Vesturlands vinnur nú að mótun aðgerðaáætlunar fyrir Vesturland sem verður væntanlega tilbúin um miðjan desember. Sorpstöð Suðurlands er með sína aðgerðaáætlun í mótun. Staða á Reykjanesi liggur ekki fyrir.

Næstu skref:

Stefnt er að vinnufundi samráðsvettvangs sorpsamlaganna í desember þar sem væntanlega er hægt að draga saman aðgerðaráætlanir einstakra samлага, samræma, meta möguleika til samstarfs og samræmingar og móta tillögu að samræmdri svæðisáætlun samlaganna fjögurra sem fer í framhaldi til umfjöllunar í öllum aðildarsveitarfélögum og í umhverfismat. Gert er ráð fyrir að formlegt samþykktarferli hefjist í febrúar og að staðfest sameiginleg svæðisáætlun 2021 -2035 verði tilbúin í síðla árs 2021.

VERKEFNI 4: FRAMTÍÐARLAUSN, URÐUN ÓVIRKS ÚRGANGS

Umsjón verkefnis: Verkefnastjóri Páll Guðjónsson, Glitra ehf

Samræming: Samstarfsvettvangur Sorpsamlaga á suðvesturhorni.

Viðfangsefni:

Verkefnið snýst um að finna framtíðarurðunarstað fyrir óvirkan úrgang sem ekki er hægt að meðhöndla með öðrum hætti, annaðhvort til sameiginlegra afnota fyrir sorpsamlögin fjögur á suðvesturhorninu eða sérstaklega fyrir þarfar aðildarsveitarfélaga SORPU.

Gert er ráð fyrir að þegar aðgerðaáætlun SORPU verður að fullu komin í framkvæmd og urðun hætt á lífrænum og brennanlegum úrgangi, þá þurfi eftir sem áður að urða ca 20 þ. tonn árlega. Ef aðgerðir hinna samlaganna leiða til sama hlutfalls úrgangs til urðunar, verður heildarþörf alls svæðisins fyrir urðun á óvirkum úrgangi 25 – 30 þ. tonn árlega.

Vinna við leit að framtíðarurðunarstað hefur staðið yfir allt frá árinu 2006 án þess að niðurstaða sé í sjónmáli. Fyrir liggur ítarleg greining Verkfræðistofunnar Stuðuls frá árinu 2006, og að undanfögnu hefur verið horft yfir þessa greiningu og dregnir út úr henni nokkrir kostir sem vænlegast hefur þótt að skoða m.t.t. gjörbreyttra forsenda um urðun. Viðræður hafa átt sér stað við sveitarfélög á Suðurnesjum, og að undanfögnu hefur verið horft til þess möguleika að hægt verði að ná samkomulagi við Sorpurðun Vesturlands um nýtingu urðunarstaðar í Fíflholtum fyrir óvirkan úrgang af höfuðborgarsvæðinu. Ekkert er í hendi verðandi þennan möguleika.

Næstu skref:

Veruleg tímapressa er komin á málið í ljósi þess að núverandi eigendasamkomulag gerir ráð fyrir lokun uðrunarstaðarins í Álfsnesi í árslok 2023.

Fyrir liggur minnisblað frá Verkfræðistofunni Stuðli þar sem tilgreindir eru 10 staðir sem vert er að skoða frekar og láta á það reyna hvort unnt er að ná samkomulegi og sátt um einhvern þeirra til frekari skoðunar.

Þrátt fyrir að beðið sé eftir niðurstöðu varðandi mögulega nýtingu á Fíflholtum, þá verður ekki beðið með að setja í gang fulla vinnu við að greina frekar þá kosti sem fram koma í minnisblaði Verkfræðistofunnar Stuðuls samhliða yfirstandandi samtali við Sorpurðun Vesturlands.

Rétt er að undirstrika hér að málefni framtíðarurðunarstaðar fyrir óvirkan úrgangs tengjast óhjákvæmilega brennslulausn v. brennanlegs úrgangs verði niðurstaða máls að reist verði ný hátæknibrennslustöð innanlands. Áform um brennslu á 80 – 100 þ. tonna leiða af sér að ráðstafa þarf um 20% þessa magns, eða 15 – 20 þ. tonn sem til fellur sem aska eftir brennsluna. Mögulega verður unnt að nýta öskuna að hluta til sem landfyllingu, sem stoðefni í steypu eða með öðrum hætti, en engu að síður þarf að reikna með að urða þurfi einhvern hluta hennar. Í ljósi þessa þarf væntanlega að horfa samhliða á staðarval vegna brennslustöðvar og mögulega staðsetningu framtíðarlausnar vegna urðunar á óvirkum úrgangi.

VERKEFNI 5: MINNKUN ÚRGANGS OG SÓTSPORS

Umsjón verkefnis: Skrifstofa SSH

Viðfangsefni:

Mótun leiða og aðgerða til að draga úr myndun úrgangs og minnkun sótsþors vegna meðhöndlunar úrgangs

Núverandi staða verkefnis:

Engin vinna er í gangi vegna þessa verkefnis.

VERKEFNI 6: SAMRÆMD FLOKKUN ÚRGANGS
Umsjón verkefnis. Skrifstofa SSH

Viðfangsefni:

Greining á fýsileika samræmingar á söfnun og flokkun úrgangs hjá aðildrasveitarfélögum SORPU.

Staða verkefnis:

Verkefnið var boðið út fyrir skömmu og Resource International vinnur nú að þessu verkefni. Gert er ráð fyrir að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir í desembermánuði.

Kópavogi 30. nóvember 2020

Páll Guðjónsson
verkefnastjóri, Glitra ehf.

Fylgiskjöl:

1. Verk- og tímaáætlun 2. áfanga dags. 28. júlí 2020
2. “Aðgerðaáætlun um breytta meðhöndlun úrgangs og lágmörkun urðunar” – Samantekt, Glitra ehf. október 2020
3. Minnisblað , Urðunarstaður fyrir SV -land, Stuðull, október 2020 - TRÚNAÐARMÁL

AÐGERÐARÁÆTLUN UM HEILDARLAUSN ÚRGANGSMÁLA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

TILLAGA AÐ VERK- OG TÍMAÁÆTLUN 2. ÁFANGA VERKEFNISINS, ÁGÚST - DESEMBER 2020

EINFÖLD MYND - TÍMASETNINGAR EKKI FULLÍGRUNDAÐAR

Vinnueintak
28. júlí 2020 pg

			vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika	vika
			33	34	35	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52	53	1	2	3	
			Gr.	ág	ág	ág/sept	sept	sept	sept	sept	sept	okt	okt	okt	okt	nóv	nóv	nóv	nóv	nóv/des	des	des	des	des	des	des	
			UMSJÓN	Gr.	ág	ág	ág/sept	sept	sept	sept	sept	okt	okt	okt	okt	nóv	nóv	nóv	nóv	nóv/des	des	des	des	des	des	des	
VERKEFNI 1:	TÍMABUNDIN ÚTFLUTNINGUR BRENNANLEFS ÚRGANGS	Útfl.hópur																									
	Viðfangsefni:																										
	Ítarleg greining á magni og samsetningu	TG/hópur																									
	Undirbúningur útboðs	hópur																									
	Útboðsferli	hópur																									
	Samningar eftir útboð	hópur																									
	Framkvæmd og eftirfylgni, verkl. undirbúningur	hópur																									
VERKEFNI 2:	FRAMTÍÐARLAUSN BRENNANLEGS ÚRGANGS	PG																									
	Viðfangsefni:																										
	Gagnaöflun, útflutningur, markaðsforsendur	PG/TG																									
	Gagnaöflun, brennslustöðvar, tækni, fjárfesting	PG/TG																									
	Greining og samanburður	PG/TG																									
	Mótun hóps, áhugi til samstarfs kannaður	PG/HPI																									
	Frekari greining kosta, staðsetning, fjármögnun	PG/hópur																									
	Niðurstaða - tillaga um formlega umgjörð	PG/hópur																									
	Ákvörðun um aðgerðir - formleg gangsetning undirb.	hópur																									
	Yfirfærsla verkefnisins til breiðari hóps, framtíð																										
VERKEFNI 3:	SAMSTARF / SAMEIGINLEG SVÆÐISÁÆTLUN	PG																									
	Viðfangsefni:																										
	Ítarleg greining á mögulegum skiptimarkaði	TG/Samlög																									
	Fínstilling á samstarfsmöguleikum	PG/TG/Samlög																									
	Mótun formlegs samstarf - samningagerð	PG/TG/Samlög																									
	Mótun aðgerðaráætlunar	PG/TG/Samlög																									
	Heildarskjal mótað til kynningar	PG/TG/Samlög																									
	Tillaga til kynningar í samlögum og sveitarfélögum	PG/TG/Samlög																									
	Umhverfismat	TG/Samlög																									
	Formlegt afgreiðsluferli og samþykkt	TG/Samlög																									
VERKEFNI 4:	FRAMTÍÐARLAUSN, URÐUN ÓVIRKS ÚRGANGS	PG																									
	Viðfangsefni																										
	Álfsnes - framlenging á starfsleyfi sbr. viðauka	PG/TG/HPI																									
	SV/GAJA - möguleiki á lífrænum úrgangi inn	TG/GTO																									
	Viðræður við SV um óvirkan úrgang í Fíflholt	PG/TG/HPI																									
	Mat á forsendum heildarsamstarfs um GAJA/Fíflholt	PG/TG/HPI																									
	Greining annarra kosta	PG/BJB/TG																									
	Niðurstaða, Fíflholt vs. eitthvað annað																										
VERKEFNI 5:	MINNKUN ÚRGANGS OG SÓTSPORS	SSH ???																									
	Viðfangsefni:																										
VERKEFNI 6:																											
	Viðfangsefni:																										
	Samræmd flokkun úrgangs	SSH ???																									

Þessa tímalínu þarf að endurskoða, reikna þarf með 6 - 8 mánuðum í útboðsferlið, útfl. gæti í besta falli hafist í mars /apríl, reikna með söfnun á lager í 3 - 4 mánuði frá áramótum

Þessu verkefni lýkur ekki í árslok 2020, formlegt afgreiðsluferli heldur áfram á árinu 2021, áætluð lok gætu verið í apríl 2021

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri
Samtök Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogi

Reykjavík 1. desember 2020

Heill og sæll

Vísað er til tölvupósts frá þér dags. 16. nóvember 2020 en þar kemur fram:

"Á aðalfundi SSH 13.nóvember 2020 kom fyrirspurn um neðangreint erindi sem sent var frá SSH á stjórn Sorpu 11.desember fyrir um ári síðan. Ég get ekki séð að erindinu hafi verið svarað frá Sorpu, en gæti þó hafa verið tekið fyrir? Væri gott að fá upplýsingar um hvort þetta var tekið fyrir á sínum tíma hjá Stjórn Sorpu eða fjallað um þetta mál?"

Vísað er til erindis frá Theódóru S. Þorsteinsdóttur bæjarfulltrúa sem hljóðaði svo:


„Í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í rekstraráætlun Sorpu fyrir árin 2020-2024, um það fyrirkomulag sem gildir um endurvinnslustöðvar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, leggja sveitarstjórnarfulltrúar Viðreisnar á höfuðborgarsvæðinu til að SSH verði falið að skoða hvort annað fyrirkomulag en nú er henti betur fyrir rekstur endurvinnslustöðva, m.a kosti þess að rekstur þeirra verði boðinn út“. Fundarstjóri leggur til að tillaga frá Viðreisn verði vísað til stjórnar SSH. Samþykkt. Einn greiðir atkvæði gegn tillögunni.

Því er hér til að svara að ég veit ekki hvort stjórn hefur rætt málið eftir þessa beiðni frá SSH, en frá því ég tók við framkvæmdastjórn samlagsins í febrúar sl. hefur þetta mál ekki verið rætt.

Fundur stjórnar samlagsins nr. 438 var haldinn 20. nóvember sl. og dagskrá þess fundar var þegar ljós þegar þú sendir bréfið 16.11. Svo var fundur 439 örstuttur fundur að morgni 27.11 vegna fjármála og þar var einungis eitt mál á dagskrá. Enn hefur því ekki gefist tóm til að ávarpa þetta mál.

Næsti reglulegi fundur stjórnar er ráðgerður 17.12. Í samráði við stjórnarformann mun ég setja þetta mál á dagskrá. Einnig vil ég nefna að fyrirspurn bæjarfulltrúans er í raun samofin þeirri úttekt sem nú stendur yfir á vettvangi SSH og varðar rekstrarfyrirkomulag samlagsins.

Virðingarfyllst,



Helgi Þór Ingason
Framkvæmdastjóri